



Reglur Sveitarfélagsins Skagafjarðar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

1. gr.

Tilfni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþróttá- og tómstundastarfs, sbr. fjárukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Inntak styrkveitingar

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal greiða íþróttá- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþróttá- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi, s.s. hjá aðildarfélagum UMSS, Tónlistarskóla Skagafjarðar, skátum o.fl. Ekki er heimilt að nýta íþróttá- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.

3. gr.

Umsókn

Íþróttá- og tómstundastyrkur skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast til sveitarfélags fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþróttá- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá Ísland.is, þar sem fæst sjálfvirk niðurstaða hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið 2. gr. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til sveitarfélagsins.

Þegar sjálfvirk niðurstaða frá Ísland.is liggur fyrir sækir umsækjandi um styrk til sveitarfélagsins í gegnum Íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins. Með umsókninni skulu fylgja gögn er sína fram á útlagðan kostnað við Íþrótt- og tólmundastarf barnsins á árinu 2020-2021.

4. gr. Málsmeðferð

Umsókn eru afgreidd og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærueimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

5. gr. Gildistaka

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íþrótt- og tólmundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021, öðlast þegar gildi.

Fjölskyldusvið getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Félagsmálastjóri Fjölskyldusviðs skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja /samningsbundinna styrkja sé framfylgt.

Reglur þessar gilda til 1. júní 2021.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 26.11 2020

M.nr.2006139


Sigfus Ingi Sigfusson
sveitarstjóri